

Menningar,- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), hér eftir nefndur verkkaupi og **Ungmennafélag Njarðvíkur** kt. 570179-0209 og **Keflavík íþróttá- og ungmennafélag** kt. 590794-2019, hér eftir nefndir verksalar gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um framkvæmd 17. júní hátíðarhalda í Reykjanesbæ árið 2006.

1. grein

Verksalar taka að sér framkvæmd hátíðarhalda á þjóðhátíðardeginum árið 2006 samkvæmt nánari skilgreiningu í samningi þessum. Verksalar taka að sér prentun og dreifingu hátíðardagskrár, sem starfsmenn MÍT sviðs lesa yfir fyrir prentun. Verksalar sjá um undirbúning framkvæmda og almenn framkvæmdaatriði samkvæmt þeirri dagskrá sem fyrir liggur og samþykkt hefur verið af MÍT.

Alla nánari kynningarstarfsemi þ.m.t. auglýsingar greiða verksalar.

Eftirlitsaðili með samningi þessum f.h. MÍT er Menningar,- íþróttá- og tómstundasvið Reykjanesbæjar.

2. grein

Menningar,-íþróttá- og tómstundaráð og bæjaryfirvöld sjá um eftirfarandi þætti:

A) Fánahyllingu í skrudgarði.

B) Setningu hátíðarhalda.

C) Vali á fjallkonu og myndatöku.

D) Vali á ræðumanni dagsins.

E) Samskipti við skáta, lögreglu, lúðrasveitir o.fl.

F) Samkomulag með þjónustumiðstöð bæjarins vegna uppsetninga á böndum umhverfis fánastöng og fyrir framan svið, pöllum, bekkjum, flöggum, skúrum og píanói o.þ.h. samkvæmt venju.

G) Uppsetningu og umsjón salernisaðstöðu í skrudgarði og á nauðsynlegri aðstöðu ef færa þarf hátíðarhöld innandyra vegna veðurs.

3. grein

Á því svæði sem skemmtidagskrá fer fram, hafa verksalar heimild til að selja vöru og þjónustu. Samningsaðilum er þó heimilt að semja um þátttöku annarra, náist um það samkomulag allra aðila.

4. grein

Fyrir samning þennan fá verksalar greiddar **kr. 3.200.000.-**

Greiðslufyrirkomulag skal vera eftirfarandi:

1. greiðsla kr. 1,5 milljón greiðist 1. júní 2006.

2. greiðsla kr. 1,2 milljón greiðist 12. júní 2006.

Fullnaðargreiðsla (kr. 500 þús.) skal vera í samráði við fjármálastjóra bæjarins, en þó eigi síðar en 3. júlí 2006, enda liggi þá fyrir skýrsla frá verksala um framkvæmdina.

5. grein

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, sitt handa hvorum aðila.

6. grein

Mál sem kunna að rísa af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

Gjört í Reykjanesbæ _____ 2006

f.h. MÍT

f.h. Keflavíkur

f.h. UMFN